


25. september 2014

## Verðlag lækkaði um 0,12% í september

Vísitala neysliverðs (VNV) lækkaði um 0,12% í september en spár greiningaraðila lágu á bilinu 0,2-0,3% og spáðum við 0,3% hækkun. Ársverðbólgan mælist nú 1,8% og er það áttunda mánuðinn í röð sem hún mælist innan verðbólguþröngu Seðlabankans. Síðastliðinn áratug hefur ársverðbólga aðeins tvisvar mælst svo lág, í janúar 2011 og mars 2004. Ársverðbólga án húsnæðis mælist nú aðeins 0,4% og hefur ekki verið lægri síðan í ágúst 2005.


Helstu áhrifaþættir til hækkunar og lækkunar í september  
- áhrif á VNV



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Mæling Hagstofunnar á VNV var töluvert undir okkar spá en í mælingunni vó þyngst að flugliðurinn hafði 0,53% áhrif til lækkunar. Flugliðurinn var einnig sá liður sem kom langsamlega mest á óvart, en Greiningardeildin hafði spáð að hann myndi hafa 0,06% áhrif til lækkunar í mánuðinum. Þar hafði mest áhrif að flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 29% milli mánaða.

Flutningar í lofti  
-áhrif á VNV í september síðan 2003



Heimild: Hagstofa Íslands

Útsöluáhrif gengu til baka, en ekki að eins miklu leyti og við áttum von á. Föt og skór höfðu 0,15% áhrif til hækkunar á meðan við höfðum spáð 0,23% áhrifum til hækkunar. Á móti vó að húsnæðisliðurinn, sem hafði 0,22% áhrif til hækkunar í mánuðinum, hækkaði talsvert meira en við höfðum gert ráð fyrir.

Helstu atriði í september mælingunni:

- **Flugfargjöld lækka umtalsvert.** Samkvæmt mælingum Hagstofunnar lækkar eldsneyti um 0,43% milli mánaða og hefur 0,02% áhrif til lækkunar á VNV sem er nokkuð í samræmi við okkar spár. Flugfargjöld til útlanda lækka um 29% í mánuðinum en flugfargjöld innanlands lækka um 13%. Liðurinn hefur í heildina 0,53% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: -0,53%.**
- **Húsnæðisverð hækkar.** Húsnæðisliðurinn hækkaði um 0,79% milli mánaða og stafar hækkunin nánast alfarið af reiknaðri húsaleigu. Húsnæðisverð hefur hækkað um 8,5% á landsvísu seinustu 12 mánuði. Milli mánaða var hækkunin mest utan höfuðborgarsvæðisins, eða 2,4%, en hækkanir á höfuðborgarsvæðinu námu á bilinu 1,1-1,3% milli mánaða. **Áhrif á VNV: +0,22%.**
- **Hækkun vegna útsöluáhrifa nokkuð minni en spá.** Að þessu sinni hækkuðu föt og skór um 3,3% í september mánuði og er hækkunin ívið lægri en okkar spá gerði ráð fyrir, en við áttum von á um 4,7% hækkun. **Áhrif á VNV: +0,15%**
- **Minni liðir hafa áhrif til hækkunar.** Tómstundir og menning hækkuðu t.a.m. nokkuð umfram væntingar. Höfðum við gert ráð fyrir að sá liður myndi vera 0,03% til hækkunar á VNV, en samkvæmt mælingu Hagstofunnar var hann 0,08% til hækkunar. **Áhrif á VNV: +0,04%.**


## Eigum von á lágri verðbólgu út árið

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV hækki um 0,1% í október, 0,2% í nóvember og 0,3% í desember. Það er því ekki mikillar verðbólgu að vænta næstu mánuði og raungerist spáin mun verðbólgan aðeins mælast 1,5% í lok árs. Við höfum fært verðbólguþáttanna niður frá síðustu markaðspunktum en munurinn felst helst í því að væntingar um afnám vörugjalda eru strax farin að endurspeglast í verði á stórum raftækjum. Við gerum því ráð fyrir að hækkunin í október verði minni en áður var spáð.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Október +0,1%.** Við áætlum að ýmsir undirliðir VNV hækki lítillega í mánuðinum. Á móti vegur umtalsverð lækkun á raftækjum vegna væntinga um afnám vörugjalda líkt og farið var yfir hér að ofan. Við gerum ráð fyrir áhrifin verði um 0,15% til lækkunar á VNV. Heildaráhrifin í mánuðinum eru því sú að verðlag hækkar um 0,1% milli mánaða.
- **Nóvember +0,2%.** Við áætlum að frekar litlar breytingar verði á verðlagi í mánuðinum en að fasteignaverð haldi áfram að hækka í svipuðum takti og það sem af er ári.
- **Desember +0,3%.** Við áætlum að frekar litlar breytingar verði á verðlagi í mánuðinum en að húsnæðisliðurinn og ferðaliðurinn hafi mest áhrif til hækkunar í mánuðinum.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

## Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Guðmundur Reynir Gunnarsson  
gudmundur.gunnarsson@arionbanki.is

## Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir  
regina.bjarnadottir@arionbanki.is  
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)